

**10. fundur stjórnar Siðmenntar, haldinn á Laugavegi 178
fimmtudaginn 13. október klukkan 16:30-19:00**

Mætt á Laugaveg; Sveinn Atli Gunnarsson og Hope Knútsson auk Sigprúðar Guðmundsdóttur framkvæmdastýru sem skrifaði fundargerð.

Mætt á fjarfund; Kristín Helga Schiöth, Kristín Sævarsdóttir, Mörður Árnason, Sigurður Rúnarsson og Stefán Rafn Sigurbjörnsson. Inga Auðbjörg Straumland og Guðjón Sigurbjartsson boðaði forföll.

Dagskrá / fundargerð

- 1. Skýrsla framkvæmdastýru**
 - a. Borgaraleg ferming;** unnið að undirbúningi leiðbeinandaþings og ráðningu leiðbeinenda, 607 börn eru skráð.
 - b. Borgaralegar athafnir;** athafnastjóraþing verður haldið um helgina og nýir athafnastjórar útskrifaðir
 - c. Persónuverndaráætlun;** vinna komin af stað
- 2. Þvertrúarlegur samstarfshópur;** Mörður Árnason er fulltrúi Siðmenntar í hópnum, ákveðið að Sigurður Rúnarsson verði varamaður og að jafnframt sitji framkvæmdastýra fundi. Umræða um aðra hópa sem Siðmennt á sæti í upplýsingagjöf til stjórnar.
- 3. Markaðsmál,** haldinn var fjarfundur með áhugasömum í vikunni þar sem tekin var umræða um kynningar- og markaðsmál. Þar var ákveðið að nýta athafnastjóraþingið til að taka nýjar myndir og undirbúa viðtöl þar sem fram koma hugmyndir athafnastjóra um Siðmennt og húmanima og nota afraksturinn í átak í nóvember. Annar fundur um markaðsmál verður haldinn í næstu viku.
- 4. Hlutverk Siðmenntar;** umræða um mismunandi hlutverk samtakanna, m.a. hlutverk sem lýtur að húmanisma í daglegu starfi. Minnt á viðburðadagatal ársins.
- 5. Fjármál samtakanna,** umræða um fjárhag samtakanna út árið, mikilvægt að aðskilja fjárhag borgaralegrar fermingar, athafna og skrifstofu.
- 6. Önnur mál**
 - a. Undirskrift vegna breytinga á skráningu í Fyrirtækjaskrá

Fundi slitið klukkan 18:20